

III. KAFLI.

Sameiginleg ákvæði.

8. gr.

Um álagningu gjaldanna.

Öll iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari og reglugerð nr. 448 29. des. 1978, önnur en iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum, skulu lögð á af skattstjórum og færð á skattskrá.

Skattstjórar skulu því leggja á iðgjöld vegna óskráðra dráttarvéla. Ákvæði 40.—43. gr. laga nr. 68 1971 með síðari breytingum skulu gilda um álagningu, eftir því sem við á.

Iðgjöld af skráningarskyldum ökutækjum skulu lögð á af innheimtumönnum bifreiðagjalda.

9. gr.

Um gjalddaga og innheimtu.

Iðgjöld af skrásettum ökutækjum skulu innheimt árlega fyrirfram ásamt bifreiðagjöldum.

Önnur iðgjöld skulu innheimt af þeim aðilum, sem innheimta tekju- og eignar-skatt, og gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 68 1971 með síðari breytingum um þau, þ. á. m. um gjalddaga, dráttarvexti og lögtaksrétt.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða og þeim ríkisstofnunum, sem hún ákveður, svo og gjald það, sem ræðir um í f-lið. 1. mgr. 29. gr. almannatryggingalaga, sbr. 7. gr. hér að framan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. og 65. gr. laga nr. 67 1971, sbr. lög nr. 58 1978 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 8.40 fyrir hvert kg, en lágmarksgjald er kr. 8 400.00.
- 1.3 Fyrir flugvélar yfir 5 700 kg að þyngd greiðast kr. 70 000 að viðbættum kr. 1.70 fyrir hvert kg.
- 1.4 Fari skoðun fram erlendis greiðast enn fremur fargjöld skoðunarmanns og dagpeningar samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

2. Skírteinisgjöld flugliða.

- 2.1 Fyrir skrifleg og verkleg prófskírteini flugliða greiðast eftirfarandi prófgjöld:

	Skriflegt próf	Verklegt próf
Einkaflugmaður	kr. 5 600	kr. 4 200
Atvinnuflugmaður	— 8 400	— 4 200
Atvinnuflugmaður m. m. prófi	— 11 200	— 5 600
Blindflugsréttindi	— 8 400	— 5 600
Flugkennararéttindi	— 7 000	— 4 200
Flugumsjónarmaður	— 11 200	
Flugvélavirki (tegundarréttindi)	— 2 800	

2.2 Við endurnýjun skirteinis greiðast kr. 1 400.00.

3. Almenn ákvæði.

3.1 Gjöld fyrir verkleg próf skirteinis flugliða greiðast til prófdómara. Önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar Reykjavíkurflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 447 22. desember 1977, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

29. janúar 1979.

Nr. 96.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr. 300.00
Einstakir miðar, börn	— 130.00
10 miða kort, fullorðnir	— 1 800.00
10 miða kort, börn	— 600.00
10 miða kort, aldraðir	— 900.00
Gufubað	— 500.00
Leiga á handklæðum og skýlum	— 250.00
Sundnámskeið 20 st. fullorðnir	— 6 000.00
Sundnámskeið 20 st. börn	— 4 500.00
Sundfélög:	
10 miða kort 16 ára og eldri	— 600.00
10 miða kort yngri en 16 ára	— 350.00

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 268 27. júlí 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.